

151  
12. sept.

## AUGLÝSING

### um verðlagsákvæði.

Verðlagsnefnd hefur, samkvæmt heimild í lögum nr. 118 2. júlí 1940, ákveðið hámarksálagningu á vörur þær, er hér segir:

#### Timbur.

1. Allur algengur húsa- og skipaviður, svo sem fura, greni, eik (skipaeik), pitch pine og oregon pine ..... 35 %
2. Krossviður, gabon og masonite ..... 35 %
3. Allur annar viður ..... 40 %
4. Sé viður úr 1. flokki keyptur hingað fullþurrkaður, skal gilda sama álagning, en sé hann þurrkaður hér má reikna 10 % aukaálagningu eða samtals 45 %  
Ef timburverzlun kemur fram sem heildsali gagnvart annarri timburverzlun og þurfi af þeim ástæðum að skipta álagningunni, skulu gilda sömu reglur og birtar eru aftan við 8. gr. byggingarvöruflokks í auglýsingu í 39. tbl. Lögbirtingablaðsins 25. júlí þ. á.

#### Umbúðapappír.

Í heildsölu ..... 14 %

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 12. september 1941.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

152  
12. sept.

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

### fyrir Austur-Húnavatnssýslu.

#### I. ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka bæði til kaupúna og sveita.

#### I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

##### 1. gr.

Á almannafæri mega uppbot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenn-ingur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, algreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmynda-hús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því sem við á.